



**Ávarp
forseta Íslands
Guðna Th. Jóhannessonar
á Jafnréttisdögum Háskóla Íslands
10. október 2016**

Góðir áheyrendur.

Árið 1911, sama ár og Háskóli Íslands var stofnaður, var formlegt jafnrétti til náms og embætta fært í lög á Íslandi. Raunveruleikinn var samt allt annar. Fram til lýðveldisstofnunar árið 1944 útskrifuðust 573 karlar frá skólanum. Konurnar voru átta. Fróðlegt er líka að lesa ræður þingmanna þegar þeir fjölluðu um lögina til jafnréttis. Flutningsmaðurinn Hannes Hafstein var framsýnn og sagði að þau „myndu gera gagn með því að draga úr óánægju kvenna út af réttarstöðu þeirra í þjóðfélaginu og þannig gera þjóðfélagslífið ánægjulegra og betra.“

Ekki voru allir vissir um það. Einn þingmaðurinn sagði ljóst að konur gætu ekki gegnt embættum sem karlmönnum væru sérstaklega ætluð, „þótt konur væru góð guðs gjöf til síns brúks“. Og annar henti gaman að þeirri firru að konur yrðu sýslumenn með þessum orðum: „mundi það til dæmis í Austur-Skaftafellssýslu þykja heldur óhagræði ef sýslumaðurinn lægi á sæng, þegar hans væri vitjað til að rannsaka glæpamál eða kveða upp varðhaldsúrskurð.“

Eftir seinni heimsstyrjöld fjölgaði kvenkyns nemendum við háskólann en fráleitt væri að segja að jafnrétti hefði verið náð. Það var ekki fyrr en árið 1969 að kona var fyrst skipuð prófessor við Háskóla Íslands, Margrét Guðnadóttir við Læknadeild. Nær tuttugu ár liðu uns sú næsta fylgdi en þá höfðu reyndar orðið tímamót í réttindabaráttu kvenna á Íslandi. Kona var orðin forseti Íslands. „Þekkingin veitir okkur orðspor,“ segir Vigdís Finnbogadóttir í nýlegu ákalli um aukin framlög til háskólamenntunar. Kjör hennar árið 1980 veitti okkur líka gott orðspor.

Enn var þó verk að vinna. Vigdís var kona í karlaveldi. Við fyrstu innsetningu hennar í embætti voru víst 108 gestir, þar af fimm konur. Eftirfarandi lýsing í kvæði Ingibjargar Haraldsdóttur, „Kona“, var ekki fjarri sanni:

Þegar allt hefur verið sagt
þegar vandamál heimsins eru
vegin metin og útkljáð
þegar augu hafa mæst
og hendur verið þrýstar
í alvöru augnabliksins

- kemur alltaf einhver kona
að taka af borðinu
sópa gólfid og opna gluggana
til að hleypa vindlareyknum út.

Það bregst ekki.

Hér í Háskóla Íslands hallar enn mikið á konur í prófessorsstörfum við skólann en jafnvægi hefur verið náð bæði í lektors- og dósentsstörfum. Það er líka tímanna tákn að um tveir þriðju hlutar nemenda eru núna kvenkyns. Auðvitað hefur því margt breyst til hins betra. Biskup Íslands er kona, konur hafa setið í embættum forsætisráðherra og forseta Alþingis. Konur eru líka orðnar sýslumenn og konur eru hæstaréttardómarar – eða réttara sagt, kona er hæstaréttardómari.

En það þarf áfram að halda jafnréttisdaga. Og þeir snúast ekki aðeins um jafnrétti kynjanna, eins og dagskrá þeirra gefur til kynna. Ég hvet fólk til að kynna sér allt sem er í boði, mæta á viðburði, fræðast, vera vakandi, leggja sitt af mörkum. Við þurfum öll að taka höndum saman um að tryggja fullt jafnrétti kynjanna, konur jafnt sem karlar, á vettvangi Háskóla Íslands, háskólanna allra, í samfélaginu öllu, innan veggja heimilanna. Við karlmenn þurfum að styðja jafnrétti í verki og konur þurfa að sækja sinn rétt. Ég lýk þessu ávarpi með öðru kvæði, herhvöt Jórunnar Sörensen til kynsystra sinna:

Stattu upp kona
það kemur enginn prins
á hvítum hesti að frelsa þig
úr klóm ryksugunnar
Þú verður
sjálf
að ráða niðurlögum
drekans.